

Nefndarsvið Alþingis
bt. Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2020

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála 140. mál


(Lagt fyrir Alþingi á 149. löggjafarþingi 2019-2020)

Stjórn Blaðamannafélags Íslands þakkar allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreint mál.

Blaðamannafélag Íslands leggst alfarið gegn samþykkt frumvarpsins og lýsir yfir furðu á framlagningu þess á nýjan leik í ljósi nýlegra samþykkt breytinga á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum (málsmeðferðarreglur), sem varð að lögum nr. 76/2019, þar sem verulega var þrengt að möguleikum til hljódupptöku og myndatöku við meðferð dómsmála. Blaðamannafélagið var eindregið andsnúið því frumvarpi og eiga sjónarmið félagsins í þeim efnum jafnvel nú og þá og er vísað til umsagnar félagsins um það frumvarp. Þar til viðbótar er þörf á frekari takmörkunum í þessum efnum lítt eða ekkert rökstudd í greinargerð með frumvarpinu. Vísað er til reglna í Noregi og Danmörku í þessum efnum, en vísdast hvar annars staðar eru litlar takmarkanir á umfjöllun um dómsmál og þær takmarkanir þá vel skilgreindar, enda eru vandaðir umfjallanir um dómsmál þáttur í því að halda uppi lögum og reglum í samfélaginu. Það er ljóst öllum þeim sem fylgjast reglulega með fréttum frá Evrópu og Bandaríkjunum og í Bretlandi hafa men á undanförunum mánuðum verið að opna á ítarlegri umfjallanir um dómsmál með því að leyfa beinar útsendingar frá dómsuppsögu.

Sé þess óskað er fulltrúi félagsins auðvitað tilbúinn til að koma fyrir nefndina og gera betur gein fyrir sjónarmiðum stjórnar félagsins.

Virðingarfyllst,
f.h stjórnar BÍ



Hjálmar Jónsson, formaður BÍ